


ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is, www.olympic.is



Alþingi
Erindi nr. P 132/1122

komudagur 2.3.2006

**Menntamálanefnd Alþingis
c/o Nefndasvið Alþingis**

Reykjavík, 23. febrúar 2006

Varðar: Umsögn v/frumvarps til æskulýðslaga, 434 mál

Á árinu 2002 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd er ætlað var að gera úttekt á stöðu félags- og tómstundarmála ungs fólks á Íslandi. Í greinargerð með frv. til æskulýðslaga er tekið fram að nefndinni hafi ekki verið ætlað að fjalla um íþróttastarfsemi ungs fólks, sem skýtur skökku við í ljósi þeirrar staðreyndar að íþróttir, iðkun íþróttar og íþróttastarf er lang umfangsmesta tómstundaiðja ungs fólks á Íslandi. Íþróttar- og Ólympíusambandi Íslands var ekki gefinn kostur á að skipa fulltrúa í nefndina, en athygli vekur að varaformaður Ungmennafélags Íslands sat í nefndinni.

Ennfremur er tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að í skipulögðu æskulýðsstarfi skuli hafa í huga félags-forvarna- uppeldis- og menningarlegt gildi, sem miði að því auka mannaúð og lýðræðisvitund þátttakenda. Allt eru þetta megin stef í starfi íþróttafélaga í landinu, sem undirstríkar enn og aftur þá illskiljanlegu afstöðu ráðuneytisins að undanskilja íþróttahreyfinguna frá þessari úttekt.

Framvæmdastjórn ÍSÍ vill vekja athygli á 5. gr. íþróttalaga en þar segir: Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttar.

Í 6. gr. segir: Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

Í þessum tveim lagagreinum er ÍSÍ skilgreint sem íþróttasamtök sem fara með yfirstjórn hinanr frjálsu íþróttastarfsemi. Með frumvarpi að lögum um æskulýðssamtök verður væntanlega skilgreint hvaða félagasamtök heyra undir æskulýðsstarf og geti sótt um framlög úr Æskulýðssjóði. Fer ekki á milli mála, miðað við greinargerð og ákvæði frumvarpsins að UMFÍ fellur undir þá skilgreiningu að standa að æskulýðsstarfi í anda þeirra laga, sem nú er lagt til að verði sett.

Nú er það að vísu svo að langflest ef ekki öll ungmennafélög í landinu hafa íþróttir sem sitt meginverkefni og starfa nánast með sama hætti og önnur hefðbundin íþróttafélög. Munurinn er kannski sá, að UMFÍ, eitt og sér, stendur fyrir ýmsri annarri starfsemi, verkefnum, átökum og umsýslu, sem getur talist til æskulýðsmála, samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins. Framvæmdastjórn ÍSÍ gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessa skilgreiningu, en telur að óhjákvæmlegt sé, jafnhliða afgreiðslu þessa frumvarps, að gerð sé tillaga um breytingu á íþróttalögum, þ.e. setningunni: ÍSÍ og UMFÍ annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

Með formlegri staðfestingu á að UMFÍ sé æskulýðssamtök, þar sem íþróttastarfsemi er ekki tilgreind, er það sjálfsgöð krafa ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar að hún hafi ein og sér, ákvörðunarvald um sitt eigið skipulag og skiptingu íþróttahéraða. UMFÍ getur ekki verið beggia megin borðsins, haft ákvörðunarvald um skipulag


ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN



Íþróttahreyfingarinnar og notið tekna af arði Íslenskrar Getspár annarsvegar, og hinsvegar skilgreint sig sem annarskonar samtök, æskulýðssamtök og notið þess réttar umfram ÍSÍ að sækja um styrki og fjárveitingar til Æskulýðssjóðs, sem ÍSÍ hefur ekki heimild til, sbr. frumvarpið.

Athugasemd framvæmdastjórnar ÍSÍ er með öðrum orðum sú, að jafnhliða afgreiðslu þessa frumvarps, skuli lögð fram tillaga til lagabreytingar á lögum nr.64 um íþróttir, 6.gr. svohljóðandi: Landið skiptist í íþróttahéruð. ÍSÍ annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

Virðingarfyllt
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS



Ellert B. Schram
forseti